

Tillaga – Sameina skólastjórn Tónlistarskóla Húsavíkur og Borgarhólsskóla á Húsavík

Undirrituð leggja til að kanna þann möguleika að sameina skólastjórnun Tónlistarskóla Húsavíkur og Borgarhólsskóla á Húsavík.

Greinargerð

Árið 1961 tók tónlistarskóli til starfa á Húsavík. Starfsemin var í upphafi í sama húsnæði og Barnaskóli Húsavíkur. Hann flutti í Félagsheimili Húsavíkur sem var og hét þegar þrengdi að starfseminni innan Barnaskólans. Á árunum 1968 - 1972 flutti skólinn aftur í húsnæði Barnaskólans og hefur verið þar síðan. Nemendur við tónlistarskólann voru 47 árið 1963 en árið 1995 voru þeir orðnir 288. Í dag eru þeir 160.

Í upphfi var samstarf milli Tónlistarskólans og Barnaskólans enda hafa þeir starfað megnið af tímanum í sama húsnæði. Það var svo árið 1972 sem nemendur Barnaskólans byrjuðu að fara úr kennslustundum í tónlistartíma. Þetta tókst það vel að samstarf skólanna jókst ár frá ári. Árið 1992 hófst formlegt samstarf á milli Tónlistarskólans og Borgarhólsskóla (Gagnfræðiskóli Húsavíkur og Barnaskóli Húsavíkur voru sameinaðir undir nafni Borgarhólsskóla 1992). Verkefni þetta var kallað "Hljóðfæranám fyrir alla". Skólarnir fengu styrk úr Skólaþróunarsjóði til eins árs og átti verkefnið að taka þrjú ár. Markmiðið með þessu verkefni var að gefa öllum börnum í heilum árgangi tækifæri til að kynnst hljóðfæranámi áður en þau hæfu hefðbundið tónlistarnám. Þessu verkefni hefur verið viðhaldið með ýmsum hætti síðan.

Uppeldishlutverk Tónlistarskóla Húsavíkur hefur verið mikið og er enn. Samstarfið milli skólanna styrkist enn og mikil tækifæri að þræða starf skólanna meira saman.

Virðingafyllst

Arna Ýr Arnarsdóttir

Bylgja Steingrímsdóttir

Eiður Pétursson
